

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar**Málefni: Bjarkarholt 26-28-30 (áður 1-2-3)**

Óðalsteinn ehf. eigandi lóðanna Bjarkarholts 26-28-30 (áður 1-2-3) hefur falið Arkís arkitektum að kanna þróunarmöguleika lóðanna. Þarfariing mun verða framkvæmdaraðili þessa verkefnis. Þarfariing er 31 árs gamalt félag, hefur byggt fjöldann allan af íbúðum í gegnum árin og framkvæmt fjölmörg útboðsverkefni. Sömu eigendur eru af Þarfariingi og Óðalsteini. Þessi félög búa að sterkri eiginfjárstöðu og eru vel í stakk búinn að fara á framkvæmdir sem þessar.

Í gildi er deiliskipulag miðbæjar Mosfellsbæjar (endurskoðun) sem tók gildi árið 2010. Gerðar hafa verið 10 breytingar á deiliskipulaginu á síðustu 14 árum, en deiliskipulag frá 2010 er enn í gildi fyrir lóðir Bjarkarholts 1-3. Í ljósi þess hversu miklar breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulaginu, má færa rök fyrir að það kunni að vera tímabært að endurskoða skipulag umræddra lóða.

Á síðustu árum hefur mikil uppbygging átt sér stað á miðbæjarsvæði Mosfellsbæjar. Bjarkarholt 26-28-30 er aðliggjandi nýlega byggðum lóðum og felur staðsetningin í sér áhugaverða möguleika til áframhaldandi þróunar miðbæjarins. Staðsetning lóðanna er miðlæg, með góðar tengingar við náttúru, mannlíf og þjónustu. Auk þess eru tækifæri eru til mótunar byggðar sem býður upp á fjölbreytt íbúðaaframboð og ýmsa möguleika til mótunar á hlýlegu, virku og gróðursælu viðmóti gagnvart miðbænum.

Óskað er eftir heimild til að vinna tillögur að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðirnar í samráði við skipulagsyfirvöld Mosfellsbæjar.

Fyrir hönd lóðarhafa

Björn Guðbrandsson arkitekt FAÍ

Afrit: Þarfariing